

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 722/2009 um lýtalækningar sem sjúkratryggingar almannatrygginga taka til.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á fylgiskjali reglugerðarinnar:

Í 2. kafla, Brjóstavandamál, lið nr. 49 er gerð breyting á afmörkun/skilyrðum fyrir greiðsluþátttöku. Í stað "Ekki greiðsluþátttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 50" kemur:

- Ef til staðar er sýking í vasa sem geymir brjóstapúða.
- Ef til staðar er krónísk bólga umhverfis brjóstapúða.
- Ef staðfest er rof á brjóstapúða sem leitt hefur til leka úr púðanum og út fyrir þá bandvefshimnu (extracapsular) sem myndast utan um brjóstapúðann. Á þannig ekki við þegar rof á brjóstapúða uppgötvast í aðgerð þegar opnað er inn fyrir bandvefshimnuna (intracapsular).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 17.-19. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, öðlast gildi 1. desember 2023.

Heilbrigðisráðuneytinu, 3. nóvember 2023.

Willum Þór Þórsson.

Guðlaug Einarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.